



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 19. janúar 2021
USK2021010024

Borgarráð

Laugardalshöll

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir vegna endurnýjunar á lýsingu og gólefni í sal Laugardalshallar. Kostnaðaráætlun 2 vegna endurnýjunar á lýsingu er 90 m.kr. Frumáætlun vegna endurnýjunar á gólfi er 140 m.kr.

Áætlað er að framkvæmdum ljúki á árinu 2021.

Greinargerð:

Framkvæmdir felast í fyrsta lagi í endurnýjun lýsingar fyrir salinn með tilheyrandi búnaði, stýringum og neyðarlýsingu. Núverandi lýsing uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til keppnislýsingar og notkunar hússins sem fjölnotahúss. Áætlaður kostnaður við endurnýjun lýsingar er 90 m.kr.

Í öðru lagi felst í framkvæmdinni endurnýjun á gólfefni og undirlagi þess í salnum vegna vatnstjóns sem varð í Laugardalshöll á nýliðnu ári. Frumáætlun vegna endurnýjunar á gólfi er 140 m.kr. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hver endanlegur kostnaður Reykjavíkurborgar við endurnýjun gólfsins verður en viðræður um skiptingu kostnaðar eru í gangi við tryggingarfélag þess aðila valdur var að tjóninu. Borgarráð verður upplýst um framgang og niðurstöðu þeirra viðræðna. Nauðsynlegt er að framkvæmdum við endurnýjun á lýsingu verði lokið áður en farið er í endurnýjun á gólfi vegna þess tækjabúnaðar sem nota þarf við endurnýjun lýsingarinnar.

Skv. fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir endurnýjun lýsingar á árinu 2021.

Áður var gert ráð fyrir að endurnýjun gólfs færi fram á árinu 2022-2023 skv. fyrirbyggjandi 5 ára áætlun. Nú er fyrirséð að flýta þarf þeim framkvæmdum þ.a. unnt sé að taka Laugardalshöll í notkun á ný á árinu 2021. Það er því nauðsynlegt að útboðsferli vegna framkvæmda hefjist sem fyrst.

Kostnaðarstaður: 1105

Kostnaðaráætlun 2 vegna lýsingar: 90 m.kr.

Frumáætlun vegna endurnýjunar gólfs: 140 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:
- Kynning



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

Laugardalshöll

Endurnýjun lýsingar og gólfefna



ENDURNÝJUN LÝSINGAR

Sú lýsing sem sett verður upp í Höllinni er sérstaklega hönnuð fyrir salinn og er gerð fyrir handbolta, körfubolta og blak auk almennrar lýsingar, neyðarlýsingar og notkun hússins sem fjölnotahúss. Lagt er upp með að lýsingin uppfylli kröfur sem gerðar eru til keppnislýsingar, lýsingar fyrir sjónvarpsupptökur og æfingalýsingar auk almennrar lýsingar.

Lýsingin skal uppfylla alþjóðlegar kröfur auk aukinna krafna sem sérsamböndin gera.

Staðsetningar lampa í loftum miða við ofan nefndar íþróttagreinar og aðra notkun.



BÚNAÐUR OG UPPSETNING

Til að ná fram réttri staðsetningu lampa í loftum þarf að koma fyrir léttum bitum í lofti salarins. Þessir bitar eru nefndir truss bitar og eru hengdir með vírum upp í loftin. Bitana er svo hægt að færa upp með sérstökum lyftum (sem eru hluti af útboði), en þær eru notaðar ef setja þarf búnað á bitana við sérstaka viðburði í salnum.

Lampar þurfa að vera mjög vandaðir og þannig úr garði gerðir að þeir trufli hvorki íþróttafólk né sjónvarpsupptökubúnað. Nokkrir íslenskir innflytjendur sérhæfa sig í lampalausnum fyrir íþróttasali.

Setja þarf upp búnað og stýrikerfi með tilheyrandi tengingum. Einnig þarf að setja upp rafmagnstöflur með stýribúnaði og leggja raflagnir að lömpum og lyftubúnaði. Þá þarf að setja festipunkta í loft.




SALURINN fjölþætt notkun





Sneiðingar





VERKTÍMI OG KOSTNAÐARÁÆTLUN

Áætlað er að útboð fari fram í janúar og hægt verði að hefja framkvæmdir í febrúar/mars eða um leið og búnaður kemur til landsins. Áætluð verklok eru í ágúst.

Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við endurgerð lýsingar með tilheyrandi búnaði er 90 MKR.

Helstu verkþættir eru:

- Trussbitar og tilheyrandi efniskaup (boðið út á EES-svæðinu)
- Lampar (efniskaup)
- Uppsetning, raflagnavinna og stýringar (efniskaup og vinna)



ENDURNÝJUN GÓLFEFNIS

Vegna vatnstjóns sem varð í Laugardalshöll í vetur þarf að endurnýja allt gólfefni og undirlag í salnum. Ákveðið var að gera það eftir að vinna við endurnýjun lýsingar hefur farið fram.

Áætlað er að heildarkostnaður verði um 140 MKR. Þar sem hluti kostnaðar við framkvæmdina er vegna vatnstjóns verður kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar ekki ljós fyrir en uppgjöri við tryggingafélag er lokið.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist í ágúst og ljúki í september.



Takk fyrir